



Félag háskólakennara

5. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2023/2024 haldinn miðvikudaginn 6. september 2023, Dunhagi 3, kl. 11

Fundinn sátu: Baldvin Zarioh formaður, Jens Guðmundur Hjörleifsson, Íris Hrönn Guðjónsdóttir, Haukur Logi Karlsson, Íris Davíðsdóttir, Jóna Margrét Ólafsdóttir. Ármann Höskuldsson kom kl. 12:00. Arngrímur Vídalín boðaði forföll. Helga Birna Ingimundardóttir, ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 23. ágúst 2023.
2. Fastir fundartímar stjórnar FH.
3. Tþ. dags. 29. ágúst sl. frá stjórn matskerfis op.háskóla, vegna tilnefningar kjarafélaga (Fh, FPR og FHA) í stjórn matskerfis opinberra háskóla.
4. Kjaramál, gagnaöflun og undirbúningur, frestað frá síðasta fundi.
5. Könnun Fh, FPR og FHA um vinnumat, staðan.
6. Ný heimasíða.
7. Fréttir af BHM.
 - i. Erindi dags. 25. ágúst 2023, um aðkomu Fh í leit BHM að húsnæði.
 - ii. Fréttabréf BHM 11. júlí 2023 frá Kolbrúnu Halldórsdóttur formanns BHM, óskar eftir að hitta stjórnir aðildarfélaga BHM.
 - iii. Innra starf BHM.Verklagsreglur stjórnar Fh frá 2015.

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 23. ágúst 2023

Fundargerð samþykkt, með lítilsháttar leiðréttingum.

2. Fastir fundartímar stjórnar Fh

Ákveðið var að fastir fundartímar stjórnar verði fyrsti miðvikudagur í hverjum mánuði kl. 11:45. Undantekning er gerð á næsta fundi í október, en sá fundur byrjar kl. 11.

3. Tilnefning kjarafélaga í stjórn matskerfis opinberra háskóla

Óskað hefur verið eftir tilnefningu í stjórn matskerfis op. Háskóla þegar skipunartími núverandi fulltrúa FPR lýkur í lok árs. Baldvin hefur rætt við FHA og FPR og lagt til að næsti fulltrúi stjórnarinnar komi frá Félagi háskólakennara. FHA hefur samþykkt uppástunguna en ekki hafa borist svör frá FPR.

Ákveðið var að Jens Guðmundur Höskuldsson verði aðalmaður í stjórn matskerfis og Jóna Margrét Ólafsdóttir verði varamaður.

4. Kjaramál, gagnaöflun og undirbúningur og næstu skref

Baldvin sagði frá undirbúningi stjórnar Fh í síðustu kjarasamningsgerð. Meðal annars var gerð kjarakönnun, haldnir fundir með félagsfólki á öllum sviðum skólans og unnið náið með BHM í undirbúningi kjarasamninga. Nú er spurning hvernig eigi að haga undirbúningi? Ljóst er að skv. verkáætlun með núgildandi kjarasamningi þarf félagið að leggja fram kröfugerð í lok október. Ákveðið var:

- Fá launatölur félagsfólks frá HÍ fyrir september og október 2023.
- Fá upplýsingar frá Vilhjálmi hagfr. BHM um hvaða gögn BHM geti bætt við greininguna.
- Eiga samstarf og samvinnu með FHA og FPR í undirbúningi kröfugerðar og könnunar um vinnumat. Þá þurfa félögin að hefja undirbúning að gagnasöfnun fyrir bókun 2 í núgildandi

kjarasamningi og fá aðstoð frá hagfræðingi BHM í verkefnið. Lagt til að 2-3 fulltrúar verði tilnefndir frá félögunum í undirhóp.

- Halda félagsfundum með félagsfólki.
- Halda vinnufund stjórnar Fh fimmtudaginn 28. september frá kl. 13 – 18, staðsetning óákveðin. Fá trúnaðarmenn félagsins inn á fundinn og Vilhjálm hagfr. BHM einnig.
- Hafa kröfugerðina þrískipta, í fyrsta lagi fyrir starfsmenn stjórnarsýslu, í öðru lagi akademískra og í þriðja lagi vegna styrkþega. Ræða þarf sérstaklega áherslumál og vanda styrkþega. Spurning hvort félagið taki málið upp á vettvangi BHM.

5. Könnun Fh, FPR og FHA um vinnumat

Jens sagði frá stöðunni og að enn er beðið eftir viðbrögðum stjórnar FPR.

6. Ný heimasíða Fh

Framkvæmdastjóri sagði frá því að ný heimasíða er nánast tilbúin. Félagsfólki mun verða sendur tölvupóstur þegar hún fer í loftið. Logo félagsins var teiknað upp á nýtt á stafrænu formi sem hægt er að nota á Facebook-síðu félagsins og á borðfánum sem ætlunin er að láta prenta.

7. Fréttir af BHM

- i. Ákveðið að framkvæmdastjóri verði fulltrúi Fh í nefnd BHM í húsnæðisleit.
- ii. Ákveðið var að þiggja boð formanns BHM og bjóða til fundar á næsta stjórnarfundum þann 4. október.
- iii. Baldvin sagði frá störfum nefndar innan BHM um innri málefni bandalagsins. Til stendur að nefndin kalli til fulltrúa allra aðildarfélaganna og fá álit þeirra á því hvað mætti betur fara í skipulagi og störfum BHM. Fundurinn er áætlaður í október nk.

Önnur mál:

- Vakin var athygli á verklagsreglum stjórnar Fh sem samþykkt var á árinu 2015. Hugsanlega þarf að skerpa enn frekar á þeim.
- Samráðsnefndarfundur sem átti að vera þriðjudaginn 5. sept. var frestað af HÍ og nýr fundartími ákveðinn mánudaginn 11. september kl. 13. Jens kemst ekki og ákveðið að Haukur Logi verði fulltrúi í hans stað.
-

Fleira ekki gert, fundur lauk kl. 12:58

Næsti fundur miðvikudaginn 4. október, kl. 11:00. Staðsetning óákveðin.